



## Áfangalýsing ML

<b>Titill:</b>	Inngangur að heimspeki
<b>Námsgrein:</b>	Heimspeki
<b>Viðfangsefni:</b>	Inngangur að heimspeki
<b>Skammstöfun:</b>	HEIM2AA05
<b>Þrep:</b>	2
<b>Einingafjöldi:</b>	5
<b>Lýsing:</b>	<p>Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist undirstöðuþekkingu á helstu heimspekikenningum sem hafa mótað viðhorf mannsins til siðferðis, frelsis, guðs og eðli heimsins í kringum hann. Yfirlit yfir valdar undirgreinar heimspekinnar; sérstaklega siðfræði, rökfræði, þekkingarfræði, auk vísindaheimspeki og fagurfræði. Markmiðið er að nemendur verði meðvitaðir um eðli og gildi heimspekinnar og hvernig má beita henni í ólíku samhengi. Komi auga á heimspekilegar áherslur og álitamál í raunveruleikanum og menningunni, t.d. kvikmyndum.</p> <p>Nemendur læra um hugmyndir nokkurra þekktustu heimspekingsa sögunnar. Jafnframt eru þeir hvattir til að mynda sér sjálfstæðar, rökstuddar skoðanir. Í heimspekinni þjálfast samskipti, gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og víðsýni.</p>
<b>Forkröfur:</b>	Engar
<b>Þekkingarviðmið:</b>	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• sérstöðu fræðigreinarinnar heimspeki meðal vísindanna</li><li>• grundvallaratriðum megingreina innan heimspekinnar sjálfrar, sérstaklega siðfræði, þekkingarfræði og rökfræði</li><li>• nokkrum helstu heimspekingsum sögunnar og stefnum þeirra</li><li>• nokkrum helstu hugtökum, kenningum og lögmálum heimspekinnar</li></ul>
<b>Leikniviðmið:</b>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• lesa heimspekitemta</li><li>• endursegja og skýra heimspekilega texta</li><li>• beita gagnrýnni hugsun</li><li>• meta eigin rök og annarra</li><li>• tjá sig heimspekilega og hlusta á aðra</li><li>• tengja heimspeki við eigin reynslu og veruleika</li></ul>



<b>Hæfniviðmið:</b>	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• geta miðlað torskildum fróðleik á skýran hátt</li><li>• geta beitt gagnrýnni hugsun á markvissan hátt á öllum sviðum lífsins</li><li>• geta borið saman ólíkar skoðanir og rök til að komast að sameiginlegri niðurstöðu</li><li>• nálgast umdeild mál með opnum huga</li><li>• geta tileinkað sér nýja þekkingu á markvissari hátt</li><li>• skilja betur heiminn og samfélagi sem hann býr í</li><li>• beita heimspekilegum hugmyndum til þess að leysa úr siðferðislegum vandamálum</li></ul>
<b>Námsmat</b>	Útfært í kennsluáætlun.